

Priðjudaginn 16. júní 1981.

Nr. 124/1981. Ingvar Eliasson
 gegn
 Friðrik Gestssyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1978, skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1981, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinar-gerð.

Mál þetta var höfðað af sóknaraðilja á bæjarþingi Hafnarfjarðar sem áskorunarmál með stefnu, útgefinni 15. apríl 1981, birtri 22. s. m., til heimtu skuldar samkvæmt 5 víxlum að fjárhæð samtals 5.000.00 krónur (500.000 gkr.) auk vaxta og kostnaðar, sem er nánar tilgreint. Í vottorði stefnuvotta, sem ritað er á stefnuna, segir, að hún sé birt fyrir móður stefnda á heimili hans Barmahlíð 6 á Akureyri.

Er málið var þingfest á bæjarþingi Hafnarfjarðar 5. maí sl., var ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Hinn 18. maí sl. var málinu vísað frá bæjarþinginu með svofelldri áritun Finnþoga Alexanderssonar, fulltrúa bæjarfógeta, á stefnuna:

„Stefndi í máli þessu, Friðrik Gestsson, er til heimilis að Barmahlíð 6 á Akureyri, þar sem stefnubirting fór fram.

Framlagðir víklar bera með sér, að vistunarstaður þeirra er í Reykjavík.

Mál þetta er því höfðað á röngu varnarþingi, sbr. 73. gr. laga nr. 85, 1936 og 82. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 61, 1942.

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio . . .“

Víxlar þeir, sem eru grundvöllur málssóknar þessarar, eru ritaðir á eyðublöð, sem á er prentað: „Víxillinn greiðist í Sparisjóði Hafnarfjarðar, Hafnarfirði“. Á einum víxlinum hafa verið strikuð út orðin: Sparisjóði Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, og ritað í staðinn: Iðnaðarb. Rvk. Rvk. Á hinum víxlunum hefur verið strikað yfir orðin Hafnarfjarðar og Hafnarfirði og ritað Rvk. á báðum stöðum.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð vottfest yfirlýsing Ragnhildar Haraldsdóttur, Garðavegi 7 í Hafnarfirði, dags. 25. maí 1981, þess efnis, að í sambandi við tilraunir sínar til að selja hina umstefndu víxla í lánastofnunum fyrir nafngreindan mann hafi hún breytt „vistun víxlanna án nokkurs samráðs og án vitundar samþykkinganda og útgefanda . . .“.

Samkvæmt síðastgreindri yfirlýsingu verður við það að miða, að ákvæðum víxlanna um greiðslustað hafi verið breytt án heimildar, eftir að þeir voru gefnir út og samþykktir. Sóknaraðilja var samkvæmt því rétt að sækja varnaraðilja í víxilmáli á hinum rétta greiðslustað víxlanna, Hafnarfirði, shr. 3. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, shr. 25. gr. laga 61/1942.

Af hálfu sóknaraðilja hefur verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð Hagstofu Íslands, dags. 25. maí 1981, þess efnis, að skráð aðsetur varnaraðilja samkvæmt þjóðskrá sé að Nönnustíg 6 í Hafnarfirði. Vottorði þessu virðist ætlað að sýna, að varnaraðili eigi heimili á framangreindum stað, en ekki í Barmahlíð 6 á Akureyri, eins og segir í stefnunni og fram kemur í birtingarvottorði stefnuvotta.

Vegna framlagningar hins nýja vottorðs af hendi sóknaraðilja er nú orðin sú óvissa um heimili varnaraðilja, að ekki verður fullvíst talið, að stefnuna hafi mátt birta í Barmahlíð 6 á Akureyri, svo sem gert var, fyrir öðrum en honum sjálfum. Eru því eigi efni til að fella hina kærðu frávisunar-ákvörðun úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hin kærða frávisunaráritun er staðfest.